

Föstudaginn 28. sept. 1934.

Nr. 121/1933. Magnús Jónsson prófessor juris  
(Th. B. Lindal)  
gegn

Jóni Þorlákssyni, f. h. bæjarfjóðs  
Reykjavíkur (Enginn).

Lögtaksgerð ómerkt sökum formgalla.

*Lögtaksgerð fúgetaréttar Reykjavíkur 11. ág. 1933:*

### Dómur hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi er á sínum tíma lét þingfesta gagnsök sem nr. 147/1933 fyrir hæstarétti í máli þessu, mætti hvorki né lét mæta, þegar aðalsök og gagnsök skyldi flytja. Er gagnsökinni því vísað frá dómi, en aðalsök hefir verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Árið 1932 lagði niðurlögreglu- og gjaldþingarmálaráðgjafi Reykjavíkur 2300 króna útsvar á aðaláfrýjanda með gjalddögum 1. dag mánaðanna júní—okt. incl. sama ár. Með því að útsvarið var allt ógreitt að gjalddögum þessum liðnum, var lögtaks krafizt á útsvarinu öllu og fór lögtak fram 11. ágúst f. á., og voru teknir lögtaki ýmsir innanstokksmunir, er aðaláfrýjandi átti í húsinu við Laugaveg nr. 3 í Reykjavík. Lögtaki þessu áfrýjaði aðaláfrýjandi í upphafi til ómerkningar áður en áfrýjunarfrestur var liðinn, en því máli var vísað frá með dómi hæstaréttar 1. nóv. f. á. En með nýrri stefnu útgefinni s. d., hefir aðaláfrýjandi enn áfrýjað lögtakinu og krafizt þess, að það verði fellt úr gildi, og að hinn stefndi borgarstjóri Reykjavíkur verði f. h. bæjarsjóðs dæmdur til að greiða honum bætur fyrir tjón og óþægindi sakir lögtaksgerðarinnar svo og málskostnað

fyrir hæstarétti að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi.

Ógildingarkröfu sína byggir aðaláfrýjandi fyrst og fremst á því, að útsvarið sé ranglega á hann lagt, með því að hann hafi ekki átt lögheimili í Reykjavík og því ekki verið þar útsvarsskyldur. Það er að vísu komið fram í málinu, að aðaláfrýjandi hafði látið skrá sig til heimilis í Þingvallahreppi árin 1929 til fardaga 1933 í sumarbústað, er hann hafði reist við Þingvallavatn og nefndi Árnes. En þar hafði þó hvorki aðaláfrýjandi sjálfur né fólk hans nokkra eða aðeins mjög skamma dvöl árið 1931 og enga eftir það. Hinsvegar gengdi aðaláfrýjandi embætti sínu sem prófessor við háskólann öll þessi ár og hafði íbúð til afnota á Laugavegi nr. 3 í Reykjavík til 1. okt. 1932. Jafnhliða rak hann að vísu bú á Úlfljótsvatni í Grafningshreppi þessi ár, og árið 1932 var honum gert að greiða þar 200 kr. útsvar af þeim atvinnurekstri. Með því að ekki verður eftir þessu talið, að aðaláfrýjandi hafi raunverulega átt lögheimili í Þingvallahreppi þessi ár heldur í Reykjavík, var hið umrædda útsvar löglega á hann lagt þar, og verður þessi ómerkingarástæða hans því ekki tekin til greina.

Þá telur aðaláfrýjandi, að lögtaksgerðina eigi að fella úr gildi, með því að lögtaksrétturinn hafi verið fyrndur 11. ágúst f. á., er lögtakið fór fram. Lögtaks var krafizt þegar 11. nóv. 1932. Með tilliti til þess mikla fjölda lögtaka, er árlega þarf að framkvæma í Reykjavík verður að telja lögtaksbeiðninni hafa verið framfylgt með nægilegum hraða og verður þessi ómerkingarástæða aðaláfrýjanda því ekki heldur til greina tekin.

Loks telur aðaláfrýjandi ýmsa þá galla vera á

sjálfri lögtaksgerðinni. að hana beri að ómerkja þeirra vegna.

Fyrst telur hann þann galla, að lögtakið hafi ekki hafizt á lögheimili sínu. Aðaláfrýjandi var að visu skráður heimilisfastur að Úlfljótsvatni frá fardögum 1933 en fógeta var allt um það heimilt að byrja lögtakið í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þar sem fjármunir aðaláfrýjanda voru fyrir hendi, sbr. 2. málsgr. 33. gr. laga nr. 19/1887, og verður þessi ómerkingarástæða hans því ekki tekin til greina.

Þá telur aðaláfrýjandi lögtaksgerðina gallaða að því leyti, að einungis einn réttarvottur hafi verið viðstaddur, er hún fór fram, og að munir þeir, er teknir hafi verið lögtaki, hafi ekki verið virtir. Við það er kannazt í skýrslu þess fulltrúa lögmanns, er lögtakið framkvæmdi, að einungis einn vottur hafi verið við, er það var framkvæmt, og að hinn maðurinn, sem undir bókunina í fógetabókinni ritaði sem vottur, hafi skrifað nafn sitt síðar undir. Ennfremur sést ekki á hinu framlagða eftirriti úr fógetabókinni, að nokkur virðing á mununum hafi farið fram. Þessi brestur hvor um sig þykir vera nægileg ástæða til að fella lögtaksgerðina úr gildi.

Kröfu sína um bætur vegna lögtaksins byggir aðaláfrýjandi á því, að hann hafi orðið að leigja herbergi til að geyma í muni þá, sem teknir voru lögtaki, þann tíma, sem síðan er liðinn, og að hann hafi sama tíma orðið að vera án þeirra. En um hvoru-veggja þessara atriða, þó að rétt væru, má aðaláfrýjandi sér sjálfur um kenna, með því að hann hefði átt þess kost að fá dóm á mál þetta þegar í nóvember 1933, og þar að auki hefir aðaláfrýjandi engin rök leitt að því, að hann hafi þurft að greiða

nokkra leigu fyrir geymslu á mununum, enda þótt honum hefði átt að vera það innan handar. Skaðabótakrafa hans verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanskráðu verður því að fella hina áfrýjuðu lögtaksgerð úr gildi. Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera ómerk.

Gagnáfrýjandi, Jón Þorláksson, f. h. bæjar-  
sjóðs Reykjavíkur, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Jónssyni prófessor juris, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 28. sept. 1934.

Nr. 74/1934. **Réttvísing og valdstjórnin**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Magnúsi Jóhannessyni**

(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. alm. hegnl. og áfengis- og bifreiðalögum.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1934:* Ákærður, Magnús Jóhannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 6 mánuði. Hann skal og sviftur æfilangt leyfi til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.